

18. september 2023

Starfsskýrsla 2022

Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	2
Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar	2
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	3
Starfsemi á árinu 2022	5
Dagleg starfsemi	5
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	5
Umsögn um erindi	5
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	5
Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar	5
Áherslumál Breiðafjarðarnefndar árið 2022	7
Örnefnaskráning	7
Gróðurrannsókn í eyjum Breiðafjarðar	8
Framtíð Breiðafjarðar	8
Landvarsla við Breiðafjörð	9
Lokaorð	9

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa ekki verið gerðar efnislegar breytingar á þeim; eingöngu smávægilegar breytingar vegna breytinga á öðrum lögum sem þau tengjast. Lögin eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr. <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er, samkvæmt ákvörðun ráðherra, vísuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, sem fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Ráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 4. ágúst 2021. Hana skipa eftirtaldir:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Karl Kristjánsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Ólafur Helgi Haraldsson.
- Valdís Einarsdóttir, tilnefnd af Dalabyggð, til vara Eyjólfur Ingvi Bjarnason.
- Arnar Kristjánsson, tilnefndur sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Steinunn I. Magnúsdóttir.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Ásta Hermannsdóttir.
- Sigurður Halldór Árnason, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar

Jakob Stakowski, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, vann með Breiðafjarðarnefnd í 25% starfshlutfalli á árinu.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt 12 nefndarfundi á árinu 2022, þar af 9 fjarfundi og þrjá staðfundi.


Nefndin fundaði með umhverfis-, orku og loftslagsráðherra til að ræða málefni Breiðafjarðar þann 23. ágúst 2022. Allir 9 fjarfundir nefndarinnar árið 2021 fóru fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Fundafyrirkomulagið á Teams reyndist vel á tímum heimsfaraldurs og mun nefndin áfram nýta þann möguleika fyrir meirihluta funda. Hún mun þó jafnframt hittast á staðfundum u.þ.b. tvisvar á ári.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem birtar hafa verið á heimasíðu nefndarinnar¹.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar árið 2022 skv. fjárlögum námu 10,3 milljónum kr. Myndin hér að neðan (mynd 1) sýnir þróun fjárveitinga til Breiðafjarðarnefndar til ársins 2022, leiðrétt fyrir breytingum á launavísitölu. Samkvæmt þeim útreikningum hefur verðgildi framlagsins dregist mikið saman á tímabilinu og var um 54% lægra árið 2022 en það var árið 2003.



Mynd 1: Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar frá 2003-2022, leiðrétt fyrir breytingum á launavísitölu.

¹ <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/fundargerdir/>

Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir ráðstöfun fjárveitinga nefndarinnar árið 2022.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2022	
Rekstrartekjur	Bókað 2022
Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum	10.300.000
Flutt frá fyrra ári og auka framlög	1.336.477
Tekjur alls	11.636.477
Rekstrargjöld	Bókað 2022
Rekstur nefndar	
Nefndalaun	
Launatengd gjöld	
Náttúrustofa skv. þjónustusamningi	4.191.593
Sími, internet og lén	43.241
Vextir, bætur, skattar	
Tölvuþjónusta	28.892
Annar kostnaður	
SAMTALS	4.263.726
Fundagjöld	
Akstur	534.654
Dvalarkostnaður	68.500
Dagpeningar	
Fargjöld	
Veitingar	92.220
Vettvangsferð	881.084
Annar kostnaður	
SAMTALS	1.576.458
Kostnaður við rannsóknir og verkefni	
Rannsóknaverkefni	5.200.000
Prentun bæklinga	438.960
Annar kostnaður	
SAMTALS	5.638.960
Rekstrargjöld alls	11.479.144
Rekstrarniðurstaða	2022
Tekjur samtals:	11.636.477
Gjöld samtals:	11.479.144
Afkoma	157.333

Tafla 1: Rekstraryfirlit Breiðafjarðarnefndar á árinu 2022. Nefndarlaun vegna ársins 2022 voru bókfærð á árið 2023.

Starfsemi á árinu 2022

Dagleg starfsemi

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir, umsagnir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast vernd náttúru og menningar á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar er einnig að finna undirsíðu tileinkaða „framtíð Breiðafjarðar“ en þangað hafa verið settar inn allar upplýsingar varðandi vinnu nefndarinnar um framtíð verndarsvæðisins, sem lauk með skýrslu til ráðherra í ársbyrjun 2021.

Umsögn um erindi

Á árinu 2022 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála og umsagnir um frumvörp og reglugerðir. Umsagnir Breiðafjarðarnefndar eru aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar².

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar


Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“, „Fuglalíf á Breiðafirði“, „Hlunnindanýting á Breiðafirði“ og „Öryggi og umgengni á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er dreift án endurgjalds, m.a. til ferðaþjónustuaðila við Breiðafjörð, auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar³. Á starfsárinu voru sumir bæklinganna endurprentaðir.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Hefð er fyrir að Breiðafjarðarnefnd fari í eina vettvangsferð um verndarsvæðið á sumri hverju, einkum í þeim tilgangi að veita nefndarmönnum betri innsýn í náttúru og menningu svæðisins. Aflýsa þurfti ferð nefndarinnar í Flatey 2021 vegna heimsfaraldurs covid-19 og var þessi ferð því sú fyrsta á kjörtímabili núverandi nefndar. Að þessu sinni var sjónum beint að norðausturhluta verndarsvæðisins og 11 staðir í Dalabyggð og Reykhólahreppi heimsóttir á tveim dögum. Gist var á Vogu á Fellsströnd. Með nefndinni í för var Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

² <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/umsagnir/>

³ <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/04/baeklingur-2019.pdf>



Kort 1: Áfangastaðir vettvangsferðar Breiðafjarðarnefndar 2022 í Dalabyggð og Reykhólahreppi.

Í vettvangsferðinni fundaði ráðherra með Breiðafjarðarnefnd og skapaðist fróðleg og gagnleg umræða á fundinum.



Mynd 2: Umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, ásamt fulltrúum Breiðafjarðarnefndar og mökum þeirra, við Klofning þann 23. ágúst 2022. Ljósmynd: Valdís Einarsdóttir.

Áherslumál Breiðafjarðarnefndar árið 2022

Breiðafjarðarnefnd hefur í gegnum tíðina stutt við rannsóknarstarf við Breiðafjörð í þeim tilgangi að efla og varðveita þekkingu um menningu og náttúru svæðisins.

Breiðafjarðarnefnd setti sér það markmið árið 2022 að leggja enn meiri áherslu á rannsóknir og aðra þekkingaröflun um Breiðafjörð. Afurð þess er m.a. sú að skrifað var undir samstarfssamninga um örnefnaskráningu og gróðurannsókn í eyjum á árinu.

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd gerði á árinu samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um framhald örnefnaskráningar. Þorvaldur Þór Björnsson, starfsmaður Náttúrufræðistofnunar, hefur unnið verkefninu á síðustu árum. Þekking á örnefnum fer þverrandi og telur nefndin mikilvægt að halda skráningu þeirra áfram og að afrakstur verkefnisins skili sér til almennings í gegnum kortagrunn Landmælinga Íslands.

Nefndin hefur um árabíl tekið þátt í fjármögnun örnefnaskráningar á verndarsvæðinu og hafa nokkrir aðilar komið að þeim verkefnum. Nefndin gerði fyrst samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði árið 2019 og felur verkefnið í sér skráningu örnefna eyja, skerja og

flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Þannig er hægt að staðfesta áður skráð örnefni og skrá önnur sem ekki hafa áður verið skráð. Þorvaldur Þór Björnsson sér um að safna örnefnunum og Anette Theresia Meier sér um flutning landupplýsinga í kortagrunn Landmælinga Íslands.

Ætlunin er að halda verkefninu áfram árið 2023 með söfnun örnefna á svæðinu frá Reykhólum að Látrabjargi. Verkáætlun gerir ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir árslok 2024.

Verksamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands tekur til ára 2022 og 2023. Samkvæmt samningnum mun Náttúrufræðistofnun Íslands kynna niðurstöður verkefnisins fyrir Breiðafjarðarnefnd í lok árs 2023.

Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd fjármagnaði rannsókn á gróðurfari 22 eyja á sunnanverðum Breiðafirði árið 2014. Niðurstöður hennar voru birtar í skýrslu 2018. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar⁴.

Árið 2022 ákvað Breiðafjarðarnefnd að láta gera hliðstæða rannsókn á fleiri svæðum. Leitað var til Náttúrustofu Vestfjarða, sem mun kanna gróður völdum eyjum við Skarðsströnd á norðaustanverðum Breiðafirði sumarið 2023. Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar opinberlega í byrjun árs 2024.

Með gróðurannsókninni vill Breiðafjarðarnefnd stuðla að betri þekkingargrunni um gróður á eyjum Breiðafjarðar, sem tekur stöðugum breytingum vegna breytinga á nýtingu og loftslagi. Gróðurfur hefur á hluta verndarsvæðisins tekið breytingum með breyttri landnotkun og minnkaðri búsetu í eyjum. Þetta getur haft áhrif á landslag, sem er eitt af því sem verndað er samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, og getur sömuleiðis haft í för með sér áhrif á dýralíf svæðisins. Í því samhengi er m.a. mikilvægt að afla þekkingar um framandi og ágengar tegundir til að geta frekar komið í veg fyrir skaðlegar breytingar af þeirra völdum.

Framtíð Breiðafjarðar

Þann 18. janúar 2021 sendi Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra erindi með tillögum sínum um framtíð verndar, nýtingar og stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skýrslan ber nafnið „Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar“ og er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar⁵.

Í kjölfarið skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stýrihóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun vorið 2022. Stýrihópnum er

⁴ <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/04/Vegetation-mapping-of-islands-in-Breidafjordur-West-Iceland-2018-2.pdf>

⁵ http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf

falið að stýra vinnu þar sem greint verður verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins mun leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Meðal fulltrúa í stýrihópnum er formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, og er starfsmaður Breiðafjarðarnefndar jafnframt starfsmaður stýrihópsins.

Stýrihópur mun, samkvæmt samningi, skila af sér árið 2023. Niðurstöður stýrihópsins verða sendar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem tekur frekari ákvörðun um framtíðarstefnu hvað varðar verndun og byggðaðþróun Breiðafjarðarsvæðisins.

Landvarsla við Breiðafjörð

Árið 2019 var í fyrsta sinn viðhöfð landvarsla við verndarsvæðið Breiðafjörð. Niðurstaða þess verkefnis var sú að rétt væri að festa í sessi og efla landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar, sér í lagi yfir sumartímann. Í ljósi þessara niðurstaðna hvatti Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra og Umhverfisstofnun til þess að halda þessu góða starfi áfram og tryggja fjármagn í landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Vorið 2020 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið aftur fjármagni til landvörslu á svæðinu sem nægði til sextán vikna landvörslu. Umhverfisstofnun sá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið úthlutaði í þriðja sinn fjármagni til landvörslu á svæðinu árið 2021. Samtals dugði það til að halda úti 16 landvarðavikum á Breiðafjarðarsvæðinu yfir sumarið. Í stuttu máli var niðurstaða verkefnisins 2021 sú að tilefni sé til að halda landvörslu við fjörðinn áfram, sér í lagi í Flatey.

Engin landvarsla var fjármögnuð við Breiðafjörð árið 2022.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að fjármagn hafi verið sett í verkefnið á árunum 2019-2021 og telur reynsluna sýna að full þörf hafi verið á. Breiðafjarðarnefnd hvetur umhverfis-, orku og loftslagsráðherra til þess að festa fjárveitingar til landvörslu við Breiðafjörð í sessi til framtíðar og að ákvörðun um slíkt liggi fyrir með góðum fyrirvara, til að auðvelda undirbúning og útfærslu verkefnisins og skila enn árangursríkari landvörslu.

Lokaorð

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að efla rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar og undirritaði á árinu tvo samstarfssamninga sem lúta að því. Rannsóknir leggja grunn að vísindalegum þekkingargrunni um Breiðafjörð sem gagnast í ákvarðanatöku um framtíðarstefnu og stjórnun á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Vernd Breiðafjarðar er á ákveðnum tímamótum. Eftir nær óbreytt lagaumhverfi í tæpa þrjá áratugi stendur nú yfir vinna að stefnumótun um framtíð verndarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd hafði frumkvæði að þeirri vinnu og leitaði samráðs við hagsmunaaðila og samfélagið allt. Í ársbyrjun 2021 skilaði hún hugmyndum sínum til ráðherra umhverfismála, sem í framhaldinu skipaði stýrihóp ráðuneyta og fulltrúa sveitarfélaga við fjórðinn. Hlutverk hans er að skoða mögulega framtíð svæðisins með tilliti til verndar og byggðaþróunar og skal hópurinn skila tillögum sínum til ráðherra á árinu 2023. Hvaða áhrif þetta mun hafa á framtíð svæðisins og Breiðafjarðarnefndar mun koma í ljós.

Nefndin þakkar ráðherra, starfsfólki ráðuneytis og öðrum sem hún hefur átt í samstarfi við fyrir samskipti og samstarf á liðnu ári.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2022 verða þær að sjálfsögðu veittar.



Erla Friðriksdóttir, formaður

f.h. Breiðafjarðarnefndar